

Fundargerð stjórnar Foreldrafélags Grunnskóla Fjallabyggðar

Miðvikudaginn 13. mars 2019, kl. 17, á Ólafsfirði

Mættar voru: Diljá Helgadóttir, formaður, Katrín Freysdóttir, ritari, Björk Óladóttir, Bjarney Lea Guðmundsdóttir, gjaldkeri, Erla Gunnlaugsdóttir, skólastjóri, Ása Björk Stefánsdóttir, aðstoðarskólastjóri.

1. Aðalfundur foreldrafélagsins verður þann 15. maí n.k. og verður hann haldinn á Siglufirði. Formaður sér um að boða til fundar. Fundurinn verður auglýstur á heimasíðu skólans og með tölvupósti til foreldra.
2. Fræðslufundur. Skólastjórnendur hrósuðu félaginu fyrir framlag þess til fræðslu og forvarna. Fundarmenn ætla að velta fyrir sér fundarefni fyrir næsta fræðslufund. Formaður ætlar að senda tölvupóst til foreldra til að biðja um hugmyndir eða ábendingar um næsta fræðsluefni. Skólastjórnendur ætla að ræða við starfsfólk skólans um sama efni. Formaður talaði um að gott færi að fá Ingva Hrannar, frá Sauðárkróki, til að koma með kennslu fyrir foreldra um netöryggi.
3. Seta á fundum hjá Fræðslu- og frístundanefnd Fjallabyggðar. Formaður ætlar að láta Ríkey Sigurbjörnsdóttur, deildarstjóra fræðslu-, frístunda- og menningarmála, fá netföng stjórnarmanna. Þeir síðan skipta með sér setu á þeim fundum er varða Grunnskóla Fjallabyggðar.
4. Litlu jól og jólaföndur. Framkvæmd föndursins er í stöðugri vinnslu. Ákveðið var í ljós reynslunnar að láta miða fylgja föndrunu til hvers bekkjar, þar sem fylla þarf út ýmsar upplýsingar, svo sem fjölda í bekk, fjölda þess sem föndra, verð föndurs, innkomnar greiðslur o.s.frv. Formaður kom með þá hugmynd að setja upp hugmyndakassa í hvort skólahúsnæði. Þar geti nemendur, starfsmenn og foreldrar komið hugmyndum eða ábendingum til foreldrafélagsins ásamt því að hægt væri að skila jólaföndri af sér í þessa kassa. Umræða skapaðist um sykurneyslu á litlu jolum. Komu fram hugmyndir um að skipta út nammi í pökkum og skoða aðrar veitingar. Félagið ætlar að skoða þetta.
5. Önnur mál:
 - a. Formaður bar upp erindi frá Unni Húlladóllu. Unnur spyr hvort að hún megi koma og kenna börnum ýmsar listir og annað tengdu Sirkus. Skólastjórnendur ætla að skoða þetta. Félagið er tilbúið til að styrkja þetta erindið.
 - b. Umræða um fjáröflun 7. bekkjar. Skólastjórnendur komu með þá hugmynd að foreldrar sjái um fjáröflun 7. bekkjar, þ.e. halda diskó og annað, í stað umsjónarkennara, eins og verið hefur.
 - c. Rætt var um að félagið myndi kaupa smokka til að gefa félagsmiðstöðinni Neon, í framhaldi af fræðslufundi Siggu Daggar í febrúar. Ákveðið var að gera þetta árlega og ætlar formaður að taka þetta að sér.

Fundi slitið kl. 18:10

Katrín Freysdóttir, ritari